


svo mikið sem það er ekki um kirkjuna,“ eins og segir í vísitásmunni. Ad öllum líkindum er þetta sama tjaldið og nefnt er með gömlum saumi 1675, og vera má, þar sem það er sagt gamalt þegar 1639, að það sé eitt af tjöldunum sem í kirkjunni voru um 1570. Hvort þau kunna að vera þau sömu og þar voru um miðja 14. öld, skal hins vegar ósagt látið.

Á tjaldleifunum eru myndir af kynjadyrum í stórum hringlaga reitum, og tengjast umgerðir reitanna með litlum hringum. Neðan til á stærri hlutunum tveimur er enn fremur bekkur úr minni hálfhringlaga reitum, en laufaviðarvafningur, nú talsvert skaddaður, ofan til. Milli reitanna eru auk þess greinar og blaðaskraut. Sjó sámi-lega heillegir hringreitir hafa varðveist og hlutar af tveimur. Þrjú dýranna í þessum reitum líkjast ljónum, eitt einhyrningi, eitt hirti og eitt svokölluðum grip (griffon), þ.e. vængjuðu ljóni. Dýrið í staka reitnum verður ekki greint með nafni og ekki heldur dýr þau er einungis sjást smáhlutar af. Þá eru dýrin í bogmynduðu reitnum að neðanverðu einnig næsta torkennileg; flest líkjast þau einna helst ljónum, en á einu er þó mannhöfuð.



Tveir bútar af refli frá Hvammi í Dölum, nú í eigu Þjóðminjasafns Dana, Nationalmuseet, í Kaupmannahöfn (CLII, 1819). Grunnurinn er með refsisaumi, en munstrið autt. Saumað er í svartan ullartvist (togtivist) með ljósmóleitu ullarbandi. Refillinn mun ekki vera eldri en frá seinni hluta 14. aldar, en gæti verið frá 16. öld. Stærðir: 34x36 og 30x26 cm. Fengnið að láni frá Þjóðminjasafni Dana.

Ljósmynd: Mbl.

Tjaldið er úr svörtum gisnum ullartvisti (togtvesti) með jafavend, og er þráðabétta um 9,5 á cm í uppistöðu og 8 í ívafi. Grunnurinn er þakinn ísaumi úr ljósmóleitu ullarbandi, sennilega hvítu í upphafi, en útlínur eru lagðar. Heldur er tjaldið illa farið og verður ekki sagt um stærð þess í upphafi. Aðalhlutarnir tveir eru ósamstæðir, um 65 cm á breidd (hæð) og um 80 og 225 cm á lengd. Á styttri hlutanum vinstra megin er endabrún. Auk þess virðist neðri brúnin þar yst til vinstri vera frágengin, og má því vera að breiddin (hæðin) sé nálægt því sem var upprunalega, því að lítið virðist vanta af laufaviðnum ofan til þar sem hann er heillegastur. Minni bútarirnir tveir (þeir sem til sýnis eru í Þjóðminjasafni Íslands,) eru um 34x36 og 30x26 cm að stærð. Þeir eru greinilega sam-

stæðir, en ekki virðist hægt að tengja þá við stóru búтана. Vantar því bæði inn í refillinn og af enda hans hægra megin, enda segir séra Jón í fyrrgreindu bréfi, að í einum hringreitnum sé mynd af sundurflakandi erni og dreki í öðrum, en hvorugt þessara dýra sést þar nú.

Hliðstædur við aðaluppdrátt refilsins, þ.e. stórir hringir tengdir með litlum hringum, þekkjast ekki af öðrum útsaumi, hvorki íslenskum né erlendum. Hins vegar má sjá fáein dæmi hans í annri myndlist frá lokum 13. aldar fram til loka 16. aldar, meðal annars á tveimur íslenskum listmunum. Er annars vegar um að ræða kúlulaga hnúð á silfurkaleik með gröfnu verki frá Miklabæ í Blönduhlíð (Þjms. 6168a), hinsvegar skorinn bekk efst á drykkjarhorni (Þjms. 10890). Hefur kaleikurinn verið talinn frá um 1300 eða fyrri hluta 14. aldar, en fráleitt er grófturinn á hnúðnum eldri en frá fyrri hluta 16. aldar. Drykkjarhornið mun vera frá lokum 16. aldar. Þótt víða hafi verið leitað, hafa erlendir hliðstædur við aðaluppdrátt refilsins aðeins fundist í tveimur málum norskum kirkjuskreytingum frá lokum 13. aldar og 14. öld, og á þrykktu altarisklæði

þýsku frá fyrri hluta 15. aldar. Hvað stóru dýramyndunum á refilinum viðvíkur, hafa ekki fundist beinar hliðstædur við þær. Sums staðar má þó í íslenskum útskráðum og handritalýsingum frá seinni hluta 14. aldar og fram á 17. öld sjá myndir af dýrum, sem svipar til þeirra, og sama máli gegnir raunar einnig um kynjadyrin í bogmynduðu reitunum. Einkum virðist í lýsingum handrits frá áttunda tug 16. aldar mega sjá skyldleika við nokkur smáatriði í uppdrætti refilsins, en ekki þó svo að óyggjandi sé.

Hvammssrefillinn hefur að jafnaði verið talinn frá um 1300 eða 14. öld, en ekkert er því til fyrirstöðu að hann sé allmiklu yngri, jafnvel frá 16. öld, enda þótt munstur og saumgerð eigi sér eldri rætur.

Elsa E. Guðjónsson

Fræðsluþættir frá Geðhjálpi

Fræðsla



Fræðsla er mikilvæg í meðferð margra sjúkdóma, meðal annars þegar um er að ræða sykursýki, kransæðastíflu, brunasár, mænuskaða, of háan blóðþrýsting og nýrnasjúkdóma. Ýmiss konar geðræn vandamál, ekki síst þau sem eru erfðust og langvinnust, gera oft langvarandi meðferð nauðsynlega og stundum getur verið um innlög að ræða. Sjúkdómseinkennunum er þá oft haldið niðri með lyfjum. Svipað og þegar um líkamleg veikindi er að ræða, þá er fræðsla til þeirra, sem eiga við geðræn vandamál að stríða ekki síður mikilvæg. Engu að síður hefur slík fræðsla óvída verið notuð innan geðheilbrigðiskerfisins. Ástæðurnar eru m.a. þær:

- jafnt lærdir sem leikir eru ósamála um orsakir geðrænna vandamála,
- sjúklingshlutverkíð sem sjúkdómsgreining og meðferðin hefur langoftast í för með sér er óvirkt hlutverk, þar sem oft er lítið gert að því að virkja eigin krafta og kunnáttu viðkomandi.

Mikilvægi fræðslu fyrir einstaklinga með geðræn vandamál

Fræðsla fyrir þennan hóp einstaklinga er mikilvæg m.a. vegna þess að

- svipað og aðrir sem leita meðferðar hjá heilbrigðiskerfinu, þá eiga einstaklingar með geðræn vandamál rétt á því að fá upplýsingar um álit meðferðaraðila á eðli vandans og meðferð hans.
- með slíkum upplýsingum minnkar öryggisleysi og hræðsla.
- athuganir hafa sýnt að einstaklingur sem fær fræðslu tekur betri og virkari þátt í meðferð en sá sem enga fræðslu fær.
- slík fræðsla eða upplýsingar auka m.a. skilning á þeim

markmiðum sem liggja að baki reglum og skipulagningu geðheilbrigðiskerfisins.

Fræðslunámskeið

Upplýsingar um þessi fræðslunámskeið eru fengin frá Bandaríkjunum. Á sumum geðsjúkrahúsum þar í landi hafa slík námskeið verið haldin með góðum árangri. Þau hafa aðallega fjallað um geðlyf sem notuð eru í meðferð um verkanir og aukaverkanir þeirra. En á Bryce-geðsjúkrahúsinu í Alabama hefur verið komið á fót fræðslu sem er ennþá yfirgrípsmeiri en þetta. Árið 1977 var sett á laggirnar sálfræðileg fræðslumiðstöð á fyrrenfndu geðsjúkrahúsi. Byrjað var með stutt námskeið um réttindi og ábyrgð skjólstaðinga, en nú eru námskeiðin um 20 talsins og fjalla um hin margvíslegustu efni. Námskeiðin eru opin öllum sem koma á móttökudeildir en önnur eru haldin fyrir þá sem eru á legudeildum. Skjólstaðingarnir fá kennslu í þrjár til fjórar vikur og taka þátt í námskeiðum um eftirfarandi:

Fyrsta vika

Að vera ábyrgur einstaklingur. Næring og heilsa. Að efla hæfni sína til að takast á við vandamál. Að ná markmiðum sínum í lífinu.

Önnur vika

Lyfjameðferð. Hvað eru geðræn vandamál? Mannleg samskipti. Sálfræðilegir og félagslegir þættir innan fjölskyldunnar.

Þriðja vika

Að hafa stjórn á streitu, I. Ákvarðantaka. Samfélagsþjárgráð (Community Resources). Áhætta við notkun vímugjafa. Í fjórðu viku er gefinn kostur á auka námskeiði.

Að stjórna streitu, II. Slökunar meðferð. Skynsamleg hugsun. Trúarleg umræða.

Auk þess er á boðstólum: Kynning á sjúkrahúsmeðferð fyrir einstaklinga eða hópa til að hjálpa skjólstaðingum að aðlagast umhverfi sjúkrahússins. Ráð um lyfjameðferð eftir útskrift.

Almenn fjölskyldufræðsla. Aðstandendur skjólstaðinga eiga kost á allri þessari sömu fræðslu og er hún veitt í því skyni að tryggja betur endurhæfingu og vellíðan eftir heimkomu.

Kennarar í sálfræðilegri fræðslumiðstöð Bryce-sjúkrahússins starfa undir leiðsögn sálfræðinga. Þeir hafa lokið tveggja ára námi í ráðgjöf, almennri sálarfræði og fleiru. Hefðbundnar kennsluáferðir eru notaðar. Nemendur sitja í venjulegum kennslustofum með töflu og öðrum kennslufögnum. Kennslan fer fram í formi fyrirlestra, umræðna, sýnikennslu og hlutverkaleiks. Fyrir hvert námskeið er gerð námsáætlun og þátttakendur gangast undir próf. Sérhver skjólstaðingur sem lýkur námi fær skriflegt vottorð um það.

Síðan 1977 hafa meira en 3.000 skjólstaðingar tekið þátt í programminu. Öllum sem við það eru riðnir þykir vel hafa til tekist. Fræðsla þessi er nú talin ómissandi þáttur í meðferð á Bryce.

Þar sem Geðhjálpi hefur lengi barist fyrir aukinni fræðslu í geðverndarmálum, einkum fyrir skjólstaðinga og aðstandendna þeirra, fögnum við þessari frétt. Við hvetjum yfirvöld á Kleppspítala, Geðdeild Landspítalans og Geðdeild Borgarspítalans, til að taka Bryce-programmið til fyrirmyndar og gera tilraun með slíkt hérna.

Hope Knúttsson,
formaður Geðhjálpar.

Milljóna myrtra gyðinga minnst

Varsjá, 11. apríl. AP.

UM 3.000 Pólverjar komu saman við St. Augustine kirkjuna í Varsjá í gær til að biðja fyrir og minnst 65.000 gyðinga sem Þjóðverjar myrtu í upphafi í gyðingahverfinu sem þarna stóð í síðari heimsstyrjöldinni. Er kirkjan eina húsið í hverfinu sem enn stendur, enda var eyðilegging Þjóðverja mikil.

Josef Glemp, erkibiskup kaþólsku kirkjunnar í Póllandi hélt messu og sagði m.a.: „Fólkið vildi ekki deyja eins og dýr í sláturhúsi, það kaus að deyja eins og fólk og því streittist

það gegn nasistunum. Fólkíð átti enga von um sigur, það vissi að það myndi deyja.“

Eini eftirlifandi gyðingurinn frá dögnum hryllilegu er Marek Edelman. Hann tók ekki þátt í þeim opinberu minningarathöfnum sem pólska stjórnin sjálf stóð fyrir. Stjórnin stóð t.d. ekki fyrir athöfninni fyrrgreindu. Sagði Edelman að tilburðir hins opinbera væru hræsnisfullir, því árin 1967 og 1968 hafi stjórnvöldin staðið fyrir herferð gegn gyðingum. Aðeins 15.000 gyðingar eru nú í Póllandi. Alls voru um

70.000 gyðingar í hverfinu umrædda er umsátur Þjóðverja hófst. Af þeim létust á staðnum um 65.000, en hinir voru fluttir á brott til að deyja í geryðingarbúðunum.

Minningarathöfn var einnig í Ísrael þar sem loftvarnarsírenur vældu látlaut í tvær mínútur til minningar um hina sex milljón gyðinga sem nasistar myrtu. Meðal fjölmargra þátttakenda að athöfninni voru Menachem Begin forsætisráðherra, og ráðherrar hans. Víða annars staðar var hinna myrtu gyðinga minnst, t.d. í Grikklandi og Ítalíu.

Samgöngur í þéttbýli



enginn þarf að fara í grafgötur um það hvílikt göturými þarf fyrir allan bílaflotann á annatímum í umferðinni í Reykjavík, þegar 1–2 menn eru um hvern bíl. Það virðist lítið gæta þeirrar samnýtingarsjónarmiða sem víða tíðkast erlendis, sérstaklega eftir orkuverðshækkunina, að margir slái sér saman um að nota einn bíl.

Það hefur reynt erfitt viðfangsefni að byggja viðunandi kerfi vega og gatna og finna landrými undir bílastæði sem þjónað geti þessari miklu umferð. Þessar fjárfreku framkvæmdir hafa því miður ekki svarað kröfum um afköst og öryggi mjög víða, enda er talið að byggt sé af vanefnum.

Það má telja ótvírætt að fyrir marga hluta sakir séu kostir fullkomins almenningsvagnakerfis miklir umfram það að byggja samgöngukerfi þéttbýlis

á einkabílum eingöngu. Víða í stórborgum hafa stjórnvöld gripið til þess að gera notkun almenningsvagnakerfis það aðlaðandi fyrir almenning, að dragi úr notkun einkabíla. Með því sparast orka, rými og hægt er að draga úr dýrum framkvæmdum við gatnakerfið, s.s. slaufugatnamótum. Síðast en ekki síst má ætla að minni umferð farartækja leiði til færri umferðarslysa.

Margt bendir til þess að gera verði stóratök í umferðarskipulagi víða í Reykjavík, ekki síst í gamla miðbænum. Endurskipulagning og efling almenningsvagnakerfisins hlýtur að vera einn þeirra kosta sem þar koma til álitá.

FRÁ UMFERÐAR
RÁÐI 31